TEGUNDIR LJÓSMYNDA FÖLSUNAR

Ljósmyndun er einn mikilvægasti samskiptamáti okkar og hefur lengi verið talinn áreiðanlegur miðill. Því er fyrsta viðbragð okkar að trúa því að þær myndir sem okkur eru sýndar séu sannar, en það gæti ekki verið fjær raunveruleikanum. Myndum er breytt á ótal marga vegu og af ýmsum ástæðum, en óneitanlega er sú framkvæmd orðin að rótgrónum vana hjá almenningi í nútímasamfélagi þar sem glansmyndir og falsfréttir umlykja okkur. Falsmyndir eru því alls staðar kringum okkur og verða sífellt meira áberandi með stöðugri tækniframþróun og auknu aðgengi að myndvinnsluforritum. En hvað er það sem gerir mynd falska?

Fyrrum sérfræðingur og stofnandi ljósmyndatúlkunarmiðstöðvar leynibjónustu Bandaríkjanna (e. Central Intelligence Agency's National Photographic Interpretation Center), Dino A. Brugioni (1921–2015), varpaði ljósi á sögu falskra ljósmynda í bók sem hann gaf út árið 1999, *Photo Fakery.* Í henni fullyrti hann að til væru fjórar gerðir fölsunar: Fjarlæging smáatriða, innsetning smáatriða, samsetning mynda og rangur myndatexti. Það síðastnefnda er örlítið frábrugðið hinum að því leyti að ekki er átt við myndirnar sjálfar. Í þeim tilvikum eru þær settar í villandi samhengi með rangri yfir- eða undirskrift og þar með miðla þær fölskum upplýsingum.

Rúm tuttugu ár eru liðin frá útgáfu bókar Brugionis og þó almennt sé enn talað um fjórar tegundir fölsunar held ég því fram að þær séu mun fleiri. Hann minnist t.d. ekki á lita- eða birtubreytingar sem er ein helsta fölsunin sem við sjáum í dag. Það er vegna aðgengis að myndasíum (e. photo filters) sem eru innbyggður valmöguleiki í flestum samfélagsmiðlaforritum. Ómeðvitaðar auglýsingar (e. subliminal advertising) mættu einnig teljast fölsun því þar er snögg skynjun okkar á myndum misnotuð til þess að koma hugmynd að án vitundar okkar. Að auki má nefna aflögun mynda (e. warping), þegar atriði eru teygð, stækkuð, minnkuð eða afmynduð, og nýjustu tegund fölsunar sem eru myndir búnar til frá grunni af gervigreind. Fjórða iðnbyltingin hefur sannarlega boðið okkur upp á fleiri möguleika í ljósmyndafölsun og draga má þá ályktun að tegundir falsana verði enn fleiri í framtíðinni með framvindu tækninnar.

Brugioni, Dino A. *Photo Fakery*: The history and Techniques of photographic deception and manipulation (Dulles: Brassey's, 1999).

Jurgenson, Nathan. *The Social Photo: On Photography and Social Media* (London: Verso, 2019).

Schick, Nina. *Deep Fakes: The Coming Infocalypse* (New York: Grand Central Publishing, 2020).

Shewan, Dan. „6 Examples of Subliminal Advertising, from Spooky to NSFW". *WordStream*. 24. október 2017. Sótt 26. október 2020 af www.wordstream.com/blog/ws/2017/10/24/subliminaladvertising.

Suler, John og Richard D. Zakia, *Perception and Imaging: Photography as a Way of Seeing* (New York: Routledge, 2018).